

KRAFTLAKK

KRAFTLAKK er alkýðbundið lakk, sem er létt í notkun, flýtur vel og myndar sterka og varanlega gljáandi lakkfilmu.

KRAFTLAKK hefur gott veðrunar- og slitþol og er auðvelt að halda því hreinu.

Yfirmálun:

Eftir 8-12 klst., breytilegt eftir aðstæðum.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 70 KU (25°C).

Gljái:

Um 85 (60°).

Eðlismassi:

Um 1,10 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit.

Þurrefni:

Um 60% af massa eða um 45% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir litum.

Efnisnotkun:

Um 0,08-0,10 l/m² í umferð, breytilegt eftir hrjúfleika flatar, málunaraðferð og aðstæðum. Samsvarar um 40µm þurrfilmuþykkt.

Lágmarks vinnsluhitastig

Flöturinn sem mála á skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins, meðan á málun og þornun málningar stendur.

VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/í 500 g/l. Þessi vara innheldur að hámarki 450 g/l.



KRAFTLAKK er einkum ætlað á hvers konar vinnuvélar eða almennt á málmfleti innanhúss þar sem gljáandi áferðar er óskað.

Málun:

Með pensli, rúllu, eða sprautu.

Þynnir og hreinsun áhald:

GEISLASELLULÓSAPYNNIR fyrir sprautu, MÍNERALTERPENTÍNA fyrir pensil og hreinsun áhald.

Þurrktími:

Snertþurrt eftir um 2-4 klst. við 20°C. Endanleg harka næst á um 4 vikum.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.